



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. apríl 2023

2304009SA KB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum, 857. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingi, dags. 29. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum fyrir árin 2023-2027, 857. mál. Aðgerðaáætlunin byggir á þingsályktun um stefnu í geðheilbrigðismálum sem samþykkt var á Alþingi á síðasta ári. Í aðgerðaáætluninni er að finna 27 aðgerðir, með skilgreindum ábyrgðar- og samstarfsaðilum, sem eiga að koma til framkvæmda árin 2023-2027.


Sambandið er mjög fylgjandi þeirri auknu áherslu sem lögð hefur verið á geðheilbrigðismál undanfarin ár og skilaði m.a. jákvæðri [umsögn](#) um fyrrgreinda þingsályktun um stefnu í geðheilbrigðismálum. Sambandið leggur áfram áherslu á þær ábendingar sem komu fram í umsögninni m.a. um geðrækt í skólum, samvinnu og samþættingu í málaflokknum, þörf fyrir aukna mönnun, aðgengi að þjónustu óháð búsetu og skýrri ábyrgðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þá vekur sambandið athygli á að í [stefnu](#) sambandsins til næstu fjögurra ára er að finna eftirfarandi áherslu:

“Sambandið beiti sér fyrir samstarfi ríkis og sveitarfélaga hvað varðar geðrækt barna og unglinga. Áhersla verði lögð á forvarnir og aðgengi fyrir öll börn í vanda að nauðsynlegum úrræðum og sérfræðipjónustu.”

Heilt yfir er sambandið sátt við þær aðgerðir sem finna má í þingsályktuninni. Fulltrúar sambandsins funduðu með starfshópnum í kjölfar samráðsferlis í samráðsgátt og í fyrirbyggjandi skjali hefur verið brugðist við þeim athugasemdum sem sambandið gerði við skjalið í samráðsgátt.

Sambandið bindur miklar vonir við að verkefnið í aðgerðaáætluninni komi til framkvæmda og skili sér í bættri þjónustu. Til þess að svo megi verða verður að tryggja nauðsynlegar bjargir og fylgja þeim markvisst eftir. Ljóst er að allar þessar breytingar kalla á stuðning fjárveitingarvaldsins og væntir sambandið þess að áherslur um það komi skýrt fram í fjármálaáætlun og fjárlögum næstu ára.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri